

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/2077****2023/EES/30/13**

frá 27. október 2022

um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til að koma á og samræma aðferðir til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu og til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1012 frá 8. júní 2016 um dýraræktarskilyrði og ættfræðileg skilyrði vegna undaneldis, viðskipta með hreinræktuð kynbótadýr, kynblönduð undaneldissvín og kímefti þeirra og komu þeirra inn í Sambandið og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 652/2014, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE og 90/425/EBE og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði kynbóta á dýrum (reglugerðin um kynbætur á dýrum) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 29. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríki og hagsmunaaðilar létu í ljós þörf til að stuðla að því að koma á og samræma aðferðir sem notaðar eru af ræktunarfélögum og þriðju aðilum sem ræktunarfélög tilnefna í samræmi við b-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012 til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu eða til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja.
- 2) Framkvæmdastjórnin auglýsti, í samræmi við 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012, opinberlega eftir tillögum um val og tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins til að bera ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi við að koma á og samræma aðferðir til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu og til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja („tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir dýrakyn í útrýmingarhættu“).
- 3) Mats- og valnefndin sem skipuð var fyrir þessa auglýsingu eftir tillögum komst að þeirri niðurstöðu að samtök, sem Stichting Wageningen Research, Wageningen Livestock Research, Hollandi leiðir, sem samanstanda af Institut de l'Élevage, Frakklandi og Bundesanstalt für Landwirtschaft und Ernährung, Þýskalandi, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. lið IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1012 og hafi getu til að framkvæma verkefni sem sett eru fram í 3. lið þess viðauka.
- 4) Því ætti að tilnefna samtökin, sem Stichting Wageningen Research, Wageningen Livestock Research, Hollandi leiðir, sem samanstanda af Institut de l'Élevage, Frakklandi og Bundesanstalt für Landwirtschaft und Ernährung, Þýskalandi, sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir dýrakyn í útrýmingarhættu. Gildissvið reglugerðar (ESB) 2016/1012 er takmarkað við kynbótadýr af nautgripa-, svína-, sauðfjár-, geita- og hestakyni og því ætti starfsemi þessarar tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins eingöngu að tengjast búfjárkynjum í útrýmingarhættu sem eru af þessum dýrategundum.
- 5) Tilnefningin á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir dýrakyn í útrýmingarhættu ætti ekki að vera tímatakmörkuð en hana ætti að endurskoða reglulega eins og um getur í 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1012.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjúd. ESB L 280, 28.10.2022, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2023 frá 17. mars 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjúd. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 66.

- 6) Tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir dýrakyn í útrýmingarhættu ætti að hefja starfsemi sína 1. janúar 2023 þar eð hún stuðlar að stefnufrumkvæðum Græns samkomulags í Evrópu og því ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýrarækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi miðstöð skal tilnefnd sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins sem ber ábyrgð á vísindalegu og tæknilegu framlagi til að koma á og samræma aðferðir til varðveislu búfjárkynja í útrýmingarhættu og til varðveislu erfðafræðilegrar fjölbreytni sem er fyrir hendi innan þessara búfjárkynja:

Samtök, sem Stichting Wageningen Research, Wageningen Livestock Research, pósthólf 338, 6700 AH Wageningen, Hollandi, leiðir, sem samanstanda af Institut de l'Élevage, 149 Rue de Bercy, 75012 Paris, Frakklandi og Bundesanstalt für Landwirtschaft und Ernährung, Deichmanns Aue 29, 53179 Bonn, Þýskalandi.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
